

# SAMÞYKKT

## fyrir Veidifélag Langavatns í Skagahreppi.

1. Félagið heitir Veidifélag Langavatns á Skaga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til Langavatns og eru neðri mörk þess við ós Langavatnsár úr vatninu. Auk þess tekur félagið til Fjallabaksár.
3. Aðild að félaginu eiga allar jarðir sem land eiga að Langavatni og auk þess þær sem upprekstur eiga á afrétt sem liggur að vatninu. Þær jarðir sem land eiga að Langavatni eru Hof og Fjall.  
Þær jarðir sem upprekstur eiga í afréttarland það sem liggur að Langavatni eru: Álfróll, Ásbúðir, Bakki, Björg, Brandaskarð, Efri-Harrastaðir, Fjall, Hafnir, Hlíð, Hof, Hólmi, Hróarsstaðir, Hvammkot, Kálfshamar, Kelduland, Krókssel, Krókur, Kurfur, Mánavík, Neðri-Harrastaðir, Ós, Saurar, Skeggjastaðir, Steinnýjarstaðir, Sviðningur, Syðri-Björg, Tjörn, Víkur, Örlygsstaðir I, Örlygsstaðir II.
4. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnð á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur félagsins ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
5. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Þeir ganga úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þriggja ára setu. Helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn undanfarin þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn láti af störfum annað árið, og hinir hitt árið.
6. Stjórnin hefur með höndum allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum þess.  
Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi stjórnar félagsins. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
7. Aðalfundur félagsins skal halda í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa gerðarbók, sem í eru færðar samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

9. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
10. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. júní 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu vaxtabóta á árinu 1995.

#### 1. gr.

##### *Vaxtabætur.*

Ríkissjóður skal greiða vaxtabætur til manna sem bera vaxtagjöld af lánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

#### 2. gr.

##### *Réttur til vaxtabóta.*

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa, byggingar eða endurbóta sbr. 3. gr. á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, á rétt á vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og stofnast við kaup eða þegar bygging þess hefst.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota sbr. 4. gr.

Verði íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað.

#### 3. gr.

##### *Endurbætur.*

Lán frá Byggingarsjóði ríkisins vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota mynda rétt til vaxtabóta, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir endurbótunum á húsbyggingarskýrslu með skattframtali.